

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 27. október 2014 í máli nr. E-4947/2013:

A

(Bergrún Elín Benediktsdóttir hdl.)

gegn

Sjúkratryggingum Íslands

(Jóna Benný Kristjánsdóttir hdl.)

Mál þetta var höfðað 3. desember 2013 og dómtekið 29. september 2014.

Stefnandi er A, [...].

Stefndi er Sjúkratryggingar Íslands, Laugavegi 114, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að úrskurður úrskurðarnefndar almannatrygginga nr. 98/2011, kveðinn upp 16. janúar 2012, verði felldur úr gildi og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 4.892.523 kr. ásamt 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af 4.306.223 kr. frá 22. júní 2008 til 18. nóvember 2011, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af kröfum stefnanda. Þá krefst stefnandi málskostnaðar. Til vara krefjast stefndu þess að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

I.

Málavextir

Í máli þessu er óumdeilt að stefnandi hlaut varanlegan vefjaskaða í hægri olnbogabót þegar mistök urðu við lyfjagjöf á heilsugæslustöðinni í Grafarvogi þann 22. júní 2007. Þann 1. desember 2008 sótti hún um bætur samkvæmt lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu með tilkynningu til stefnda Sjúkratrygginga Íslands. Með bréfi dags. 19. febrúar 2010 samþykkti stefndi að um bótaskyld atvik

væri að ræða sem félli undir bótasvið 1. tölul. 2. gr. áðurnefndra laga.

Í kjölfarið gekkst stefnandi undir örorkumat hjá stefnda og voru varanlegar afleiðingar metnar af Magnúsi Páli Albertssyni lækni og Hannesi Inga Guðmundssyni lögfræðingi. Þann 17. janúar 2011 lá fyrir ákvörðun stefnda sem var tekin á grundvelli matsgerðar fyrrnefndra matsmanna. Matsmenn komust að þeirri niðurstöðu að varanlegur miski stefnanda væri 5 stig en varanleg örorka engin.

Með bréfi dags. 1. mars 2011 kærði stefnandi ákvörðun stefnda um mat á varanlegum afleiðingum sjúklingatryggingaratviksins (hér eftir nefnt atvikið) til úrskurðarnefndar almannatrygginga. Jafnframt óskaði stefnandi eftir dómkvaðningu matsmanna til að meta varanlegan miska og örorku stefnanda með bréfi til Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 7. júní 2011. Dómkvaddir voru þeir Sigurður Thorlacius læknir og Birgir G. Magnússon lögmaður. Matsgerð þeirra lá fyrir þann 12. október 2011. Niðurstöður hennar voru þær að varanlegur miski stefnanda væri 5 stig og varanleg örorka 5%.

Með bréfi lögmanns stefnanda til stefnda, dagsett 18. október 2011, krafðist stefnandi bóta á grundvelli matsgerðarinnar frá 12. október 2011 en þeirri umleitan var hafnað af hálfu stefnda. Vísaði stefndi til þess að tekin hefði verið stjórnvaldsákvörðun sem fæli m.a. í sér mat á afleiðingum sjúklingatryggingar-atburðarins og að á þeim grundvelli hefði stefndi greitt stefnanda fullnaðarbætur.

Þann 16. janúar 2012 lá fyrir úrskurður úrskurðarnefndar almannatrygginga í málinu, nr. 98/2011. Nefndin staðfesti ákvörðun stefnda um að varanlegur miski stefnanda væri 5% og varanleg örorka engin.

Með bréfi dagsettu 26. júní 2013 óskaði stefnandi eftir því að stefndi endurskoðaði afstöðu sína en því var hafnað með svarbréfi stefnda 11. september 2013.

Stefnandi telur að hún hafi ekki fengið tjón sitt að fullu bætt og höfðaði því mál þetta.

-

-

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir kröfu sína á því að stefnda beri að greiða stefnanda bætur samkvæmt lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu í samræmi við matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 12. október 2011. Þá vísar stefnandi til þess að bætur samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu skuli fara eftir skaðabótalögum nr. 50/1993, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 111/2000. Ágreiningur aðila snúist um mat stefnda á varanlegri örorku stefnanda.

Stefnandi byggir á því að matsgerð sú sem stefndi framkvæmdi hafi ekki sýnt með fullnægjandi hætti fram á raunverulegt tjón stefnanda hvað varði

varanlega örorku. Stefnanda hafi því verið nauðsynlegt að fá dómkvadda matsmenn til þess meta örorku vegna atviksins og hnekkja mati stefnda. Almennt teljist matsgerð dómkvaddra matsmanna verulega sterkt sönnunargagn um þau atriði sem hún nái til.

Stefnandi byggir á því að hún hafi hlotið varanlega örorku vegna atviksins, andstætt niðurstöðu matsgerðar Sjúkratrygginga Íslands þar sem varanleg örorka stefnanda hafi ekki verið talin vera fyrir hendi. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eigi tjónþoli rétt á bótum fyrir varanlega örorku sökum líkamstjóns, eftir að heilsufar er orðið stöðugt, hafi tjónið valdið varanlegri skerðingu á getu til að afla atvinnutekna.

Stefnandi vísar til þess að í matsgerð stefnda sé mat á varanlegri örorku ekki rökstutt ítarlega, heldur sé nánast einvörðungu lagt til grundvallar að atvikið hafi ekki áhrif á tekjur stefnanda í núverandi starfi sem dagskrárstjóri hjá [...] né í störfum af svipuðum toga. Stefnandi hafi bent á að á matsfundi hjá Sjúkratryggingum Íslands hafi hún sagt að ástand sitt hefði ekki áhrif á hluta af vinnu sinni hjá [...], þ.e. umsjón með morgunþætti frá níu til tólf virka daga, en sá þáttur af vinnu stefnanda sé einfaldastur. Aftur á móti hafi stefnandi margvíslegar aðrar skyldur á vinnustað sínum það sem eftir lifi vinnudagsins þar sem reyni mun meira á hana. Ekki hafi verið tekið nægilegt tillit til þess í matsgerð stefnda.

Stefnandi telur óásættanlegt að stefndi miði við að varanleg örorka hennar sé engin þar sem stefnandi kveðst vera með viðvarandi verkjaseyðing og pírting í hægri handlegg, niður í miðjan framhandlegg og aðeins upp í upphandlegg sem aukist við allt álag. Stefnandi kveður úthald verulega skert og hún eigi erfitt með allt grip og að lyfta hlutum. Einkennin hái henni bæði í vinnu og í daglegum athöfnum, en stefnandi eigi í erfíðleikum með að sinna ýmsum störfum og þurfi oft að taka sér hlé frá vinnu sökum verkja til þess að hvíla hægri handlegg. Þá sé stefnandi ófær um að skrifa mikið og eigi erfitt með að vinna við tölvu.

Stefnandi leggur áherslu á að mat á varanlegri örorku sé einstaklingsbundið og vísar í því samhengi til þess að fræðimenn séu almennt sammála um að við mat á varanlegri örorku þurfi að taka tillit til ýmissa atriða sem hafa áhrif á framvindu í lífi tjónþola, að teknu tilliti til líkamstjóns. Meðal þess sem ber að líta til er eðli líkamstjónsins og afleiðinga þess fyrir tjónþola, aldurs, menntunar, færni, starfsréttinda, og heilsufars- og atvinnusögu fyrir atvik, fyrirætlanir hvað varði nám og vinnu um það leyti sem slys eða atvik gerist og fleiri atriða. Ekki verði séð af matsgerð stefnda að tekið hafi verið tillit til allra framangreindra atriða við mat á varanlegri örorku stefnanda.

Stefnandi byggir á því að í mati á varanlegri örorku felist framtíðarspá um tekjuöflunarhæfi, en ætíð séu til staðar ákveðnir óvissuþættir. Um sé að ræða spá á getu til þess að afla launatekna til 67 ára aldurs, en ljóst sé að stefnandi eigi langan starfsaldur fram undan. Því sé ekki hægt að útiloka að sú færniskerðing sem stefnandi búi við vegna atviksins muni hafa áhrif á atvinnuþátttöku og tekjuöflunarhæfi í framtíðinni.

Stefnandi byggir á því að fyrirbyggjandi matsgerð dómkvaddra matsmanna sé mun ítarlegri og betur rökstudd. Vísar stefnandi í tiltekna kafla matsgerðar því til stuðnings. Hún gefi mun betri mynd af því tjóni sem stefnandi hafi orðið fyrir en

matsgerð stefnda og því mati hafi ekki verið hnekkkt með yfirmatsgerð. Sönnunargildi matsgerðar stefnda sé mun rýrara en fyrirbyggjandi matsgerð dómkvaddra matsmanna. Í því sambandi vísar stefnandi til þess að matsgerðar stefnda hafi verið einhliða aflað af stefnda og hún verið samin af starfsmönnum stefnda.

Stefnandi vísar til þess að bótaákvörðun samkvæmt lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu fari eftir skaðabótalögum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga um sjúklingatryggingu. Tjónþoli geti þannig gert kröfur í samræmi við ákvæði skaðabótalaganna og stefnda beri að sama skapi skylda til þess að greiða bætur í samræmi við ákvæði skaðabótalaga. Geri skaðabótalög ráð fyrir því að bætur vegna líkamstjóns nái meðal annars yfir sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hljótist, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Telur stefnandi að greiðsluskylda stefnda á grundvelli sjúklingatryggingar nái meðal annars til þess að greiða sjúkrakostnað og annað fjártjón í skilningi skaðabótalaga. Stefnanda hafi verið nauðsynlegt að fá dómkvadda óháða matsmenn til þess að meta örorkuna. Af þeim sökum beri stefnda að greiða kostnað af matsgerðinni og þeirri gagnaöflun sem hafi verið nauðsynleg til þess að hægt væri að framkvæma hana.

Dómkröfur stefnanda eru á því byggðar að stefnanda beri fullar skaðabætur úr hendi stefnda og skulu skaðabætur taka mið af matsgerð. Uppgjör vegna þjáninga- og miskabóta hafi farið fram 19. janúar 2011. Dómkröfur stefnanda sundurliðast svo:

Varanleg örorka skv. 5.-8. gr. skaðabótalaga, m.v.

árslaun upp á 6.311.334 kr. og stuðull 13,646 kr.
4.306.223

Annað fjártjón (sjúkrakostnaður) kr.
586.300

Eftir stendur því dómkrafan: kr.
4.892.523

Við útreikning á varanlegri örorku sé tekið mið af heildarlaunum fréttamanna í Félagi fréttamanna árin 2004-2006 samkvæmt upplýsingum kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna. Launin hafi verið uppreiknuð að stöðugleikadegi og bætt hafi verið við 11,5% lífeyrissjóðsframlagi vinnuveitanda samkvæmt kjarasamningi. Annað fjártjón sé kostnaður stefnanda við öflun matsgerðar með vísan til reikninga frá dómkvöddum matsmönnum. Höfuðstóll dómkröfunnar sé því 4.892.523 kr. Auk þess beri stefnda að greiða stefnanda vexti af 4.306.223 kr. frá stöðugleikadegi 22. júní 2008 til 18. nóvember 2011 og dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags en frá þeim degi hafi mánuður liðið frá því að stefnandi sendi stefnda kröfu um uppgjör.

Um lagarök vísar stefnandi til ákvæða laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000, skaðabótalaga nr. 50/1993 og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um aðild málsins er vísað til III. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, 44. gr. laga nr. 30/2004. Um varnarþing vísast til ákvæða V. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Varðandi málskostnað vísar stefnandi til ákvæða 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt byggist á ákvæðum laga nr. 50/1988. Um útreikning bótaskyldu er vísað til skaðabótalaga nr. 50/1993. Um vexti á dómkröfu stefnanda er vísað til 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og um dráttarvexti til ákvæða 6. og 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að miða skuli bótaskyldu stefnda vegna atviksins þann 22. júní 2007 við ákvörðun stefnda, dags. 17. janúar 2011 og úrskurð úrskurðarnefndar almannatrygginga, dags. 16. janúar 2012 enda sýni gögn málsins fram á að stefnandi búi ekki við skerta getu til að afla atvinnutekna vegna sjúklingatryggingaratburðarins.

Stefndi mótmælir því að skilyrði 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 séu uppfyllt í tilviki stefnanda. Stefndi bendir á að rökstuðningur í ákvörðun stefnda frá 17. janúar 2011 sé fullnægjandi enda komi þar fram að tjónþoli hafi sjálf upplýst á matsfundi að hún teldi afleiðingar atviksins ekki hafa nein áhrif á tekjur sínar miðað við núverandi starf sem dagskrárgerðarkona hjá [...] og að hún hafi hugsað sér að halda áfram því starfi. Störf hennar hafi verið svipuð í gegnum tíðina að því leytinu til að matsmenn telji ekki að afleiðingar sjúklingatryggingaratburðar hefðu haft nein áhrif á hæfi hennar til tekjuöflunar á þeim vettvangi. Stefndi vísar til þess að mat sem þetta sé ávallt framtíðarspá og því sé ekki mögulegt að leggja annað til grundvallar en áform, núverandi starf og forsögu. Forsaga stefnanda, núverandi starf og framtíðaráform hennar liggja fyrir, samkvæmt fyrirliggjandi gögnum. Þá hafi einnig verið tekið tilliti til eðlis líkamstjóns, afleiðinga þess fyrir tjónþola, aldurs og menntunar, sem sé á sama sviði og núverandi starf hennar. Stefndi vekir jafnframt athygli á því að tekið hafi verið tillit til þeirra einkenna sem hrjá stefnanda vegna atviksins með því að meta henni 5 stiga miska. Gera þurfi skýran greinarmun á því hvort líkamleg einkenni hafi áhrif á hæfi til að afla tekna eða ekki, þ.e. hvort um læknisfræðilega eða fjárhagslega örorku sé að ræða.

Stefndi hafnar þeim rökum matsmanna að meiri líkur en minni séu á því að afleiðingar atviksins myndu valda stefnanda tekjutapi í framtíðinni miðað við það sem hefði sennilega orðið ef lyfjagjöfin hefði verið gerð á réttan hátt. Bendir stefndi á að tekjur tjónþola hafa ekki dregist saman á þeim tæpu sex árum sem liðin séu frá atvikinu, heldur hafi þær þvert á móti aukist til muna. Stefndi vísar í greinargerð með frumvarpi því er varð að skaðabótalögum nr. 50/1993 þar sem segir að það sem ráði úrslitum við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku sé hvort

tjónþoli tapi tekjum til frambúðar. Þá segir einnig að annars vegar verði að meta hvaða atvinnutækifæri tjónþoli hefði átt ef hann hefði ekki orðið fyrir tjóni og hins vegar atvinnutækifæri eftir líkamstjón. Í því skyni verði hverju sinni að afla upplýsinga um atvinnu hans og tekjur fyrir og eftir tjónsatvik. Að því er varði atvinnutækifæri eftir líkamstjón sé vakin athygli á því að í 2. mgr. sé berum orðum vikið að því að líta skuli til þess hvort ætla megi að tjónþoli eigi kost á vinnu sem sanngjarnt sé að ætlast til að hann starfi við. Við slíkt sanngirnismat komi einkum til álita andlegir og líkamlegir hæfileikar tjónþola, verkunnátta hans, menntun og aldur. Þá verði fyrst og fremst að leggja til grundvallar upplýsingar sem séu fyrir hendi þegar ljóst þyki að tjónþoli geti ekki náð frekari bata.

Stefndu benda á að af fyrirliggjandi gögnum í málinu sé ljóst að líkamstjónið virðist ekki há stefnanda í störfum hennar í sjónvarpi við hinar ýmsu aðstæður, sem jafnvel fullfrískir einstaklingar gætu átt í erfiðleikum með að valda, svo sem sjá megi í sjónvarpsþáttunum [...] sem sýndir voru á [...] sumarið 2012 og lagðir eru fram þessu til stuðnings. Stefndi telji að þessir þættir, sem teknir hafi verið upp fimm árum eftir atvikið, sýni svo ekki verði um villst, að stefnanda séu allir vegir færir í störfum sínum í fjölmiðlum, enda hafi þarna verið dæmi um ýmsar krefjandi aðstæður þar sem hún þurfti að beita hægri hendi af miklum krafti auk þess sem hún hafi unnið í kulda, bæði á sjó og jöklum.

Þá bendir stefndi einnig á að mat hinna dómkvöddu matsmanna frá 12. október 2011, sanni ekki að varanleg örorka stefnanda af völdum slyssins sé í raun meiri en miðað sé við í ákvörðun stefndu þar sem matsgerðir um örorku í líkamstjónamálum séu ekki nein nákvæmnisvísindi og byggist meira og minna á huglægum viðhorfum matsmanna, þar sem munað geti verulegu á niðurstöðum eftir matsmönnum, þótt verið sé að meta sömu einkenni og aðstæður. Athygli sé vakin á því að í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, í ákvörðun stefndu frá 17. janúar 2011 og í úrskurði úrskurðarnefndar almannatrygginga frá 16. janúar 2012, sé verið að meta sömu einkenni og aðstæður, en engar nýjar og ófyrirsjáanlegar afleiðingar sjúklingatryggingaratburðarins hafa komið fram frá ákvörðun stefnda.

Þá vísar stefndi til þess að eftir að matsgerð dómkvaddra matsmanna hafi legið fyrir hafi verið tekin afstaða til kæru vegna ákvörðunar stefnda hjá óvilhöllum úrskurðaraðila, úrskurðarnefnd almannatrygginga, og hafi þá legið fyrir bæði ákvörðun stefnda frá 17. janúar 2011 og matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna frá 12. október 2011. Niðurstaða úrskurðarnefndar almannatrygginga, hafi verið sú að ákvörðun stefnda skyldi staðfest.

Stefndi telji því að ekki skuli miðað við matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna enda séu ekki fyrir hendi neinar upplýsingar sem styðji við röksemdir sem liggja að baki mati þeirra á 5% örorku stefnanda, heldur liggi þvert á móti fyrir sönnunargögn sem sýni fram á að stefnandi hafi verið fullfær um að sinna þeim störfum sem matsmennirnir töldu hana ekki geta sinnt. Því sé með fullri sanngirni hægt að rökstyðja og ætla að stefnandi geti sinnt starfi fréttamanns eða öðru því starfi sem hugur hennar standi til, rétt eins og starfi umsjónarmanns [...]sjónvarpsþáttanna og miða skuli við ákvörðun stefndu frá 17. janúar 2011.

Stefndi bendir á að í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna sé enginn rökstuðningur að baki því til hvaða þátta hafi verið litið við niðurstöðu um stöðugleikadag. Í ákvörðun stefnda sé það hins vegar tekið fram með skýrum hætti,

þ.e. að teknu tilliti til framburðar stefnanda á matsfundi. Stefndi leggi því áherslu á að stöðugleikadagur sé réttilega miðaður við 1. september 2008.

Stefndi hafnar kröfu stefnanda um að hann greiði fyrir matsgerð dómkvaddra matsmanna enda hafi legið fyrir ákvörðun stefnda í málinu þar sem varanlegar afleiðingar sjúklingatryggingaratburðarins hafi verið metnar og því sé óþarft að fá mat dómkvaddra matsmanna. Þá hafi ákvörðunin verið staðfest af úrskurðarnefnd almennatrygginga eins og fyrr segi.

Stefndi gerir þá kröfu til vara að verði fallist á það með stefnanda að stefndi sé bótaskyldur vegna varanlegrar örorku, verði dómkröfur lækkaðar þar sem útreikningur stefnanda sé haldinn verulegum annmörkum og sé kröfum stefnanda andmælt sem of háum.

Stefndi mótmæli því árslaunaviðmiði sem stuðst sé við í stefnu enda hafi ekkert verið lagt fram í málinu sem styðji það að víkja eigi frá meginreglu skv. 7. gr. laga nr. 50/1993, þ.e. að árslau skuli teljast vera meðalatvinnutekjur tjónþola að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs þrjú síðustu almanaksárin fyrir þann dag sem tjón varð, leiðrétt samkvæmt launavísitölu þess tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðist við. Stefnandi hafi auk þess ekki fært nein rök fyrir því hvers vegna miða ætti við heildarlaun fréttamanna í Félagi fréttamanna í stað þess að miða við meðalatvinnutekjur tjónþola. Stefndi bendir á að samkvæmt gögnum frá Ríkisskattstjóra, sem liggja fyrir í málinu, skuli miða við upphæðina 2.352.481 kr. nema stefnandi sýni fram á annað. Í stefnu liggur fyrir útreikningur að baki þessari fjárhæð. Þá mótmælir stefndi stöðugleikadegi í útreikningi stefnanda.

Stefndi mótmæli jafnframt vaxtakröfum stefnanda á þeim grundvelli að vextir sem séu eldri en fjögurra ára frá birtingardegi stefnu séu fyrndir. Birtingardagur stefnu hafi verið 3. desember 2013 og séu því allir vextir sem krafan hafi borið fyrir þann tíma fyrndir, sbr. 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905, sbr. 28. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Stefndi bendi á að bótauppgjör 19. janúar 2011 rjúfi ekki fyrningu samkvæmt 6. gr. laga nr. 14/1905. Þá sé upphafstíma bótakröfu andmælt og talið að miða skuli við dómsuppsögu enda séu slíkir annmarkar á útreikningi stefnanda að ekki geti legið fyrir fyrr en við dómsuppsögu hver rétt fjárfrafa sé, verði á annað borð á hana fallist. Til vara krefst stefndi þess að upphaf dráttarvaxta sé mánuði eftir að stefna var birt stefnda.

Um lagarök er vísað til laga um sjúkratryggingu, nr. 111/2000, stjórnslulaga nr. 37/1993, laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007, eldri laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1950, skaðabotalaga nr. 50/1993 og meginreglu skaðabótaréttar. Um málskostnaðarkröfu er vísað til 21. kafla laga nr. 91/1991.

IV.

Niðurstaða

Stefnandi byggir á því að hún hafi ekki fengið fullar sjúkratryggingabætur úr hendi stefnda vegna líkamstjóns sem hún hlaut við atvik það sem varð þann 22. júní 2007. Stendur ágreiningur aðila um það hvort hún eigi réttmæta kröfu til þess að fá bætur greiddar vegna varanlegrar örorku. Uppgjör bóta vegna þjáninga og varanlegs miska fór fram 19. janúar 2011. Varanlegur miski var metinn 5 stig en við það mat var litið til varanlegs vefjaskaða í hægri olnbogabót og kraftminnkunar. Var niðurstaða stefnda, úrskurðarnefndar almannatrygginga og hinna dómkvöddum matsmanna, samhljóða hvað þetta varðar.

Í tilefni umsóknar stefnanda um bætur úr sjúklingatryggingu samkvæmt lögum nr. 111/2000 gekkst hún undir læknisskoðun hjá Magnúsi Páli Albertssyni á matsfundi þann 5. júlí 2010. Í ákvörðun stefnda sem byggð er á mati læknisins og Hannesar I. Guðmundssonar lögfræðings er að finna lýsingu stefnanda á stöðugum einkennum frá hægri handlegg. Einkennin samanstandi m.a. af einkennilegum dofa, viðkvæmni við ákveðinni snertingu, kulvísi, dofatilfinningu í kulda og mikilli kraftskerðingu sem geri það að verkum að hún treysti ekki hægri hendi til átaka. Sökum þessa eigi hún erfitt með að skrifa langan texta og hafi fengið að taka próf í Háskóla Íslands á tölvu. Þá hafi einkennin áhrif á daglegt líf og valdi svefntruflunum.

Um varanlega örorku stefnanda segir í matinu: „Tjónþoli upplýsti sjálf á matsfundi að hún teldi afleiðingar atburðarins ekki myndu hafa nein áhrif á tekjur sínar miðað við núverandi starf. Störf hennar í gegnum tíðina hafa verið svipuð að því leytnu til að matsmenn telja heldur ekki að afleiðingar slyssins hefðu nein áhrif á hæfi hennar til tekjuöflunar á þeim vettvangi. Að öllu virtu telst varanleg öroka vegna sjúklingatryggingaratburðar því engin vera.“ Staðfesti Magnús Páll þessa niðurstöðu fyrir sitt leyti við aðalmeðferð málsins.

Stefnandi var ósátt við niðurstöðuna og taldi að ekki hefði verið tekið nægilegt tillit til þess hversu mikil áhrif viðvarandi einkenni hefðu á starfsgetu hennar. Hún væri úthaldsminni og ætti í erfiðleikum við allt grip og að lyfta þungum hlutum. Þar af leiðandi ætti hún í erfiðleikum með að sinna ýmsum störfum, svo sem tölvuvinnu, og væri ófær um að skrifa mikið. Fór stefnandi fram á dómkvaðningu matsmanna til þess að meta afleiðingar sjúklingatryggingaatviksins og liggur mat Sigurðar Thorlacius, læknis og Birgis S. Magnússonar lögmanns fyrir í málinu dagsett 12. október 2011.

Við mat á varanlegri örorku líta matsmennirnir til þess að líklegt sé að stefnandi hefði haldið áfram vinnu á vettvangi fjölmiðla hefði atvikið ekki átt sér stað enda eigi hún sér langa sögu á þeim vettvangi og hafi aflað sér háskólamenntunar á því sviði. Þá segir í matsgerðinni: „Matsbeiðandi hefur á síðustu árum aðallega unnið við dagskrágerð í útvarpi en eðli starfa af þeim toga leiðir tæplega til þess að hægt sé að telja atvinnuöryggi mikið eða tryggt, enda byggir líftími útvarpsefnis á vinsældum þess samkvæmt mælingum og áherslum þeirra sem bera ábyrgð á dagskrástjórn hverju sinni. Um það leyti sem atvikið gerðist hafði matsbeiðandi áform um að halda áfram háskólanámi í blaða- og fréttamennsku og sá fyrir sér að eiga starfsferil í fjölmiðlum. Hún er fastráðin dagskrárgerðarmaður hjá [...] og stýrir vinsælum morgunþætti en metnaður hennar og áhugi stendur til að fá starf sem fréttamaður. Hún vill vinna sig upp í fréttamannsstarf en hefur ekki treyst sér til að sækja um þar sem hún á í erfiðleikum

við að halda á míkrafón í hægri hendi og vinna á tölvu. Þá er ljóst að einkenni sem atvikið olli versna í kulda en starf fréttamanns gerir eðlilega kröfu til að hann fari út úr húsi og á vettvang fréttæfnis.“ Niðurstaða matsmanna var sú að líkamstjón það sem atvikið olli hafi áhrif á vinnugetu stefnanda og dragi úr möguleikum hennar á starfsvali í framtíðinni ásamt möguleikum á framgangi í starfi. Það séu því að þeirra mati meiri líkur en minni á því að afleiðingar atviksins valdi henni tekjutapi í framtíðinni og sé varanleg örorka því metin 5%.

Fyrir dómi lýsti stefnandi starfi sínu í dag. Hún kvaðst hafa umsjón með útvarpsþætti sem væri þriggja og hálf títíma vinna á dag. Hún ynni í átta tíma við tölvu, m.a. við handritsgerð og að klippa efni. Hún ynni líka við sjónvarp og hefði haft umsjón með tilteknum þáttum á dagskrá [...]. Hún þreyttist því við að skrifa á tölvu og væri almennt séð úthaldsminni enda fæli vinnan í sér aukið álag. Væri hún því þreytt og pirruð þegar heim kæmi. Kraftleysi í hægri hönd væri enn til staðar og hefði sist batnað. Hún kvaðst enn búa við sömu einkenni og áður þó að verkir hafi breyst eitthvað.

Stefnandi byggir alfarið á niðurstöðu matsgerðar hinna dómkvöddu matsmanna en stefndi byggir á mati því sem lá til grundvallar ákvörðun stefnda frá 17. janúar 2011 sem var staðfest með úrskurði úrskurðarnefndar almannatrygginga þann 16. janúar 2012.

Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er það hlutverk dómara að taka afstöðu til þess hvaða sönnunargögn hann leggur til grundvallar niðurstöðu dóms. Metur dómari þannig sönnunargildi þeirra matsgerða sem vísað hefur verið til, sbr. 2. mgr. 66. gr. laganna svo og annarra gagna. Meðal gagnanna eru myndbrot frá árinu 2012 úr sjónvarpsþáttunum [...]sem sýndir voru á [...] og stefnandi stjórnaði en þau gögn voru ekki á meðal matsgagna.

Að mati dómsins teljast ákvörðun stefnda og matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna sterk sönnunargögn um þau atriði sem þau ná til hafi réttum aðferðum verið beitt við framkvæmd þeirra og þau sýnilega ekki byggð á röngum forsendum. Mat hinna dómkvöddu matsmanna hefur þannig ekki sjálfkrafa ríkara sönnunargildi en ákvörðun stefnda.

Stefnandi telur mat á varanlegri örorku í ákvörðun stefnda rýra sönnunargildi hennar enda sé rökstuðningur takmarkaður og ekki eins ítarlegur og rökstuðningur í matsgerð dómkvaddra matsmanna. Sé nánast eingöngu lagt til grundvallar að sjúklingatryggingaratburðurinn hafi ekki áhrif á tekjur stefnanda í núverandi starfi né í störfum af svipuðum toga. Stefnandi hefur hins vegar hvorki dregið í efa að faglega hafi verið staðið að læknisskoðun né haldið því fram að forsendur sem ákvörðunin er byggð á séu rangar. Hins vegar hafi ekki verið tekið nægilegt tillit til þeirra einkenna og færniskerðingar sem stefnandi gerði grein fyrir og þjáist af enn í dag.

Fyrir dómi lýstu annars vegar Magnús Páll Albertsson læknir og hins vegar dómkvaddir matsmenn Sigurður Thorlacius læknir og Birgir G. Magnússon lögmaður þeim forsendum sem lágu til grundvallar niðurstöðu þeirra. Allir lýstu þeir því að um heildstætt mat hafi verið að ræða þar sem öðrum þræði var byggt á frásögn stefnanda sjálftrar um forsögu, núverandi starf og framtíðaráform. Í rökstuðningi þeirra fyrir niðurstöðu um varanlega örorku eru dregin fram tiltekin

atriði sem ráða niðurstöðu þeirra. Að áliti dómsins þykir það ekki rýra sönnunargildi ákvörðunar stefnda að dregin hafi verið fram önnur og færri atriði en í niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna. Fyrir liggur að læknisskoðun fór fram í báðum tilvikum svo og viðtal við stefnanda.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1993 á tjónþoli rétt á bótum fyrir varanlega örorku ef líkamstjón veldur varanlegri skerðingu á getu til að afla vinnutekna. Er þá litið til þess hvort og í hvaða mæli aflahæfi tjónþolans skerðist til framtíðar litið en örorkumat samkvæmt greininni er fjárhagslegt og einstaklingsbundið. Þau atriði sem ráða mestu við mat þetta eru staða tjónþolans fyrir slysi, eðli líkamstjónsins og varanleg áhrif þess svo og möguleikar tjónþola á að halda fyrra starfi eða finna sér nýtt starf.

Varðandi eðli líkamstjóns stefnanda er niðurstaða mats læknanna Magnúsar Páls og Sigurðar Thorlacius í öllum meginatriðum sú sama en rúmt ár var á milli læknisskoðana. Hvorki er að finna ytri einkenni á hægri hendi og handlegg né vöðvarýrnun. Hreyfigeta var eðlileg í efri útlimum, þ.e. öxlum, olnbogum, úlnliðum og fingrum. Skynjun í griplimum var eðlileg, þ.e. sinaviðbrögð og húðskyn. Gripkraftur var þó ekki prófaður sérstaklega af hinum dómkvöddu matsmönnum. Framkvæmdar voru tvenns konar kraftmælingar í tengslum við læknisskoðun Magnúsar Páls. Önnur sýndi mun meiri gripkraft í hægri hönd en hin lítinn mun á milli handa.

Fyrir liggur að þegar atvikið átti sér stað átti stefnandi ekki að baki langa atvinnusögu. Hún stundaði nám í stjórn málafræði með fjölmiðlafræði sem aukagrein og útskrifaðist 25. júní 2005. Með náminu vann hún á einkareknum útvarpsstöðvum í hlutastarfi. Eftir útskrift vann hún að öllu leyti við útvarpsstöð til áramóta 2005 en þá fór hún til útlanda í spænskunám fram til júlí 2006. Frá ágúst 2006 vann hún á dagblaði við sölu auglýsinga. Stefnandi starfaði þar þegar atvikið varð en hafði auk þess umsjón með útvarpsþætti á [...] um helgar.

Framtíðaráform stefnanda eru óbreytt og hún hyggst starfa áfram á vettvangi fjölmiðla. Hana hefur að eigin sögn ávallt dreymt um að verða fréttamaður en árið 2009 hóf hún meistaranám í blaða- og fréttamennsku og lauk þar tilteknum einingum. Hún hefur hins vegar aldrei starfað sem fréttamaður og voru í sjálfu sér engin teikn um það þegar atvikið átti sér stað.

Af því sem rakið hefur verið og fram kom í skýrslutöku af stefnanda ásetti hún sér eftir tjónsatvikið að halda sínu striki þrátt fyrir að hin viðvarandi einkenni hafi gert henni erfitt fyrir í ýmsu tilliti. Þar sem hún væri réttthent hafi hún sem fyrir beitt hægri hendi við vinnu sína en gætti þess að hvíla hana og nota vinstri hendi þegar þörf krefði. Að þessu leyti hefur stefnandi takmarkað tjón sitt eins og henni hefur verið unnt. Nú rúnum sjö árum eftir atvikið er hún fastráðin á [...] en starfið er erilsamt og stærsti hluti vinnu hennar fer fram á tölvu. Á árinu 2012 tók hún að sér gerð sjónvarpsþátta við ýmsar krefjandi aðstæður sem útheimti beitingu beggja handa við ýmsar þrautir og verkefni. Fram kom í skýrslu stefnanda að hún hafi viljað sanna sig og hafi „látið vaða“ enda ekki talið sig hafa aðra kosti í stöðunni.

Það er stefnandi sem ber sönnunarbyrði fyrir því að hún eigi réttmæta kröfu á bótum fyrir varanlega örorku. Þarf hún því að sanna að þau einkenni sem hún glímir við í dag hafi áhrif á getu hennar til að afla tekna til framtíðar. Fyrir liggur að

tekjur hennar hafa aukist frá því sem áður var og vinnuframlag hennar í dag er síst minna en það var fyrir atvikið. Þá er ekki að sjá að möguleikar stefnanda til ákveðinna verkefna hafi skerst sem vissulega er því að þakka að hún hefur bætt við sig í námi og er þrautseig að eðlisfari. Vegna þeirra varanlegu einkenna sem há munu stefnanda til framtíðar voru henni eins og fyrr sagði ákvarðaðar bætur fyrir varanlegan miska. Að mati dómsins hefur stefnandi hins vegar ekki sýnt fram á með fullnægjandi hætti að tjónsatvikið hafi dregið úr möguleikum hennar og getu til þess að afla tekna í framtíðinni og þannig valdið henni fjárhagslegu tjóni. Verður niðurstaða ákvörðunar stefnda og úrskurður almannatrygginga um að varanleg örorka stefnanda sé engin því lögð til grundvallar. Að þessu virtu ber að sýkna stefnda af kröfu stefnanda.

Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Sigríður Hjaltsted héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Sjúkratryggingar Íslands skal vera sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málkostnaður fellur niður.

Sigríður Hjaltsted